

# LAGAN



Design and Quality  
IKEA of Sweden



## ÍSLENSKA

Á öftustu síðu þessarar handbók er skrá yfir alla veitendur eftirsöluþjónustu sem útnefndir hafa verið af IKEA og viðeigandi símanúmer í hverju landi.

**ÍSLENSKA**

**4**

**Efnisyfirlit**

Öryggisupplýsingar	4	Dagleg notkun	13
Öryggisleiðbeiningar	5	Góð ráð	14
Vörulýsing	7	Umhirða og hreinsun	16
Stjórnborð	7	Bilanaleit	17
Kerfi	8	Tæknilegar upplýsingar	21
Stillingar	9	UMHVERFISMÁL	22
Fyrir fyrstu notkun	11	IKEA-ÁBYRGÐ	22

Með fyrirvara á breytingum.

**⚠ Öryggisupplýsingar**

Fyrir uppsetningu og notkun heimilistækisins skal lesa meðfylgjandi leiðbeiningar vandlega. Framleiðandinn ber ekki ábyrgð á neinum meiðslum eða skemmdum sem leiða af rangri uppsetningu eða notkun. Geymdu alltaf leiðbeiningarnar á öruggum stað þar sem auðvelt er að nálgast þær til síðari notkunar.

**Öryggi barna og viðkvæmra einstaklinga**

- Börn, 8 ára og eldri og fólk með minnkaða líkamlega-, skyn- eða andlega getu, eða sem skortir reynslu og þekkingu, mega nota þetta tæki, ef þau eru undir eftirliti eða hafa verið veittar leiðbeiningar varðandi örugga notkun tækisins og ef þau skilja hættuna sem því fylgir.
- Leyfðu ekki börnum að leika sér með tækið.
- Haltu þvottaefnum frá börnum.
- Haltu börnum og gæludýrum frá heimilistækinu þegar hurðin er opin.
- Börn eiga ekki að hreinsa eða framkvæma notandaviðhald á heimilistækinu án eftirlits.

**Almennt öryggi**

- Þetta heimilistæki er ætlað til notkunar á heimili og við svipaðar aðstæður og:

- Á bóndabýlum; starfsmannaeldhúsum í verslun, á skrifstofum og öðrum vinnustöðum;
- Af viðskiptavinum á hótelum, mótelum, gistiheimilum og á öðrum íbúðarstöðum.
- Breyttu ekki tæknilýsingu fyrir þetta heimilistæki.
- Vatnsþrýstingurinn á tækinu (hámark og lágmark) verður að vera á milli 0.5 (0.05) / 8 (0.8) bör (MPa)
- Hlýða skal hámarksfjöldanum, matarstell fyrir 13 .
- Ef rafmagnsnúran er skemmd verður að fá nýja frá framleiðanda, viðurkenndri þjónustumiðstöð eða svipað hæfum aðila til þess að koma í veg fyrir hættu.
- Settu hnífapör í hnífaparaskörfuna þannig að beitti endinn vísi niður eða settu þau lárétt í hnífaparaskúffuna með beittu hliðina niður.
- Ekki skilja heimilistækið eftir eftirlitslaust með opna hurð til að forðast að stíga óvart á hana.
- Áður en eitthvert viðhald er framkvæmt skal slökkva á heimilistækinu og aftengja klóna frá rafmagnsinnstungunni.
- Ekki skal nota háþrýstan vatnsúða og/eða gufu til að hreinsa heimilistækið.
- Ef heimilistækið er með lofttúður í undirstöðunni má ekki hylja þær, t.d. með gólfteppi.
- Heimilistækið á að tengja við vatn með nýju slöngunum sem fylgja með því. Ekki má endurnýta gamlar slöngur.

## Öryggisleiðbeiningar

### Uppsetning



**AÐVÖRUN!** Einungis til þess hæfur aðili má setja upp þetta heimilistæki.

- Fjarlægðu allar umbúðir.
- Ekki setja upp eða nota skemmt heimilistæki.
- Ekki setja upp eða nota heimilistækið þar sem hitastigið er lægra en 0°C.
- Fylgdu leiðbeiningum um uppsetningu sem fylgja með heimilistækinu.
- Alltaf skal sýna aðgát þegar heimilistækið er fært vegna þess að það er þungt. Notaðu alltaf öryggishanska og lokaðan skóbúnað.
- Gættu þess að heimilistækið sé sett upp undir og við hliðina á traustum og stöðugum hlutum.


**Tenging við rafmagn**

**⚠ AÐVÖRUN!** Eldhætta og hætta á raflosti.

- Heimilistækið verður að vera jarðtengt.
- Gakktu úr skugga um að færíbreyturnar á merkiplötunni séu samhæfar við rafmagnsflokkun aðalæðar aflgjafa.
- Notaðu alltaf rétt ísetta innstungu sem ekki veldur raflosti.
- Notaðu ekki fjöltengi eða framlengingarsnúrur.
- Gakktu úr skugga um að rafmagnsklóin og snúran verði ekki fyrir skemmdum. Ef skipta þarf um rafmagnssnúru verður viðurkennd þjónustumiðstöð okkar að sjá um það.
- Aðeins skal tengja rafmagnsklóna við rafmagnsinnstunguna í lok uppsetningarinnar. Gakktu úr skugga um að rafmagnsklóin sé aðgengileg eftir uppsetningu.
- Ekki toga í snúruna til að taka tækið úr sambandi. Taktu alltaf um klóna.
- Þetta heimilistæki samræmist tilskipunum EBE.
- Aðeins Bretland og Írland. Þetta heimilistæki er búið 13 A kló. Ef nauðsynlegt er að skipta um öryggi í rafmagnsklónni skal nota 13 A ASTA (BS 1362) öryggi.

**Tenging við vatn**

- Ekki valda skemmdum á vatnsslöngunum.
- Áður en þú tengir ný rör, rör sem ekki hafa verið notuð í langan tíma, þar sem viðgerðarvinna hefur verið framkvæmd eða nýr búnaður settur upp (vatnsmælar, o.s.frv.) skaltu láta vatnið renna þar til það er hreint og tært.
- Tryggðu að það sé enginn sýnilegur vatnsleki við og eftir fyrstu notkun heimilistækisins.
- Vatnsinntaksslöngan er með öryggisloka og slíðri með innri rafmagnssnúru.



**⚠ AÐVÖRUN!** Hættuleg rafspenna.

- Ef vatnsinntaksslöngan skemmist skaltu samstundis loka vatnskrananum og aftengja klóna frá rafmagnsinnstungunni. Hafðu samband við viðurkennd þjónustumiðstöð til að fá nýja vatnsinntaksslöngu.

**Notkun**

- Ekki sitja eða standa á hurðinni þegar hún er opin.
- Þvottaefni fyrir uppþvottavélar eru hættuleg. Farðu eftir öryggisleiðbeiningunum á umbúðum þvottaefnisins.
- Ekki skal drekka, eða leika sér með vatnið í heimilistækinu.
- Ekki fjarlægja diskana úr heimilistækinu fyrr en þvottakerfinu er lokið. Þvottaefni kann að verða eftir á diskunum.
- Heit gufa getur sloppið út úr heimilistækinu ef hurðin er opnuð meðan þvottakerfi er í gangi.
- Settu ekki eldfim efni eða hluti sem eru blautir af eldfimum efnun nálægt eða á heimilistækið.

**Viðgerðir**

- Hafði samband við viðurkenndan þjónustuaðila til að láta gera við heimilistækið. Við mælum með því að nota aðeins upprunalega varahluti.
- Þegar þú hefur samband við viðurkenndan þjónustuaðila, skaltu vera með eftirfarandi upplýsingar sem finna má á tegundarspjaldinu.


Módel:  
Vörunúmer (PNC) :  
Raðnúmer :

- Aftengja skal tækið frá rafmagnsgjafanum.
- Klippa rafmagnssnúruna af og fleygja henni.
- Fjarlægjið dyraklemmuna til að koma í veg fyrir að börn eða dýr geti lokast inni í tækinu.

Förgun


**⚠** **ADVÖRUN!** Hætta á líkamstjóni eða köfnun.

Vörulýsing



- 1 Neðri sprautuarmur
- 2 Síur
- 3 Tegundarspjald
- 4 Gljáahólf
- 5 Þvottæfnishólf
- 6 Salthólf
- 7 Efri sprautuarmur
- 8 Efri karfa

Stjórnborð





- 1 Kveikt/slökkt-hnappurinn
- 2 Kerfsgaumljós
- 3 Vísar
- 4 Kerfishnappur

Vísar

Vísir	Lýsing
→	Endavísir.
⊞	Saltvísir. Alltaf er slökkt á honum á meðan þvottakerfið er í gangi.

Kerfi

Þvottakerfi	Óhreinindastig Tegund hleðslu	Kerfisstig	Notkunargildi 1)		
			Tímalengd (mín)	Orka (kWh)	Vatn (l)
 2) 70°C	Mikil óhreinindi Leirtau, hnífapör, pottar og pönnur	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Forþvottur</li> <li>• Þvær 70°C</li> <li>• Skolar</li> <li>• Þurrkun</li> </ul>	155 - 170	1.5 - 1.7	14-15
 65°C	Venjuleg óhreinindi Leirtau og hnífapör	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Forþvottur</li> <li>• Þvær 65°C</li> <li>• Skolar</li> <li>• Þurrkun</li> </ul>	130 - 140	1.4 - 1.6	15-17
<b>ECO</b> 3) 50°C	Venjuleg óhreinindi Leirtau og hnífapör	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Forþvottur</li> <li>• Þvær 50°C</li> <li>• Skolar</li> <li>• Þurrkun</li> </ul>	222	1.039	15

1) Þrýstingur og hitastig vatnsins, breytileiki rafmagnsinntaka, valmöguleikar og fjöldi diska getur breytt gildum kerfisins.

2) Þetta þvottakerfi er notað við mikil óhreinindi til að ná fram fullnægjandi þrifum á pottum og pönnum.

3) Með þessu kerfi nýtist vatnið og orkan best fyrir leirtau og hnífapör með venjulegum óhreinindum. (Þetta er staðal-kerfið sem prófunarstofnanir nota).

Upplýsingar fyrir prófunarstofnanir

Til að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um prófanir skal senda tölvupóst til:

[info.test@dishwasher-production.com](mailto:info.test@dishwasher-production.com)

Skrifaðu niður framleiðslunúmer tækisins (PNC) sem er á málmplötunni.



## Stillingar

### Kerfisvalsstilling og notandastilling

Þegar tækið er stillt á kerfisvalsstillingu er hægt að setja á þvottakerfi og slá inn notandastillingu.

### Stillingar sem tiltækar eru í notandastillingu:

- Stigi vatnsnýkingar er í samræmi við hörku vatnsins.
- Virkjun eða afvirkjun á hljóðmerkinu fyrir lok kerfisins.
- Virkjun eða afvirkjun á AutoOpen.

**Þar sem heimilistækið geymir vistaðar stillingar er engin þörf á að grunnstilla það fyrir hverja lotu.**

### Hvernig stilla á kerfisvalsstillingu

Heimilistækið er í kerfisvalsstillingu þegar kerfisvísirinn **ECO** leiftrar.

Eftir virkjun er heimilistækið sjálfgefið í kerfisvalsstillingu. Ef ekki skal stilla kerfisvalsstillingu á eftirfarandi hátt:

Harka vatns

Þýskar gráður (°dH)	Franskar gráður (°fH)	mmól/l	Clarke-gráður	Stig vatnsnýkingar
47 - 50	84 - 90	8,4 - 9,0	58 - 63	10
43 - 46	76 - 83	7,6 - 8,3	53 - 57	9
37 - 42	65 - 75	6,5 - 7,5	46 - 52	8
29 - 36	51 - 64	5,1 - 6,4	36 - 45	7
23 - 28	40 - 50	4,0 - 5,0	28 - 35	6
19 - 22	33 - 39	3,3 - 3,9	23 - 27	5 <sup>1)</sup>
15 - 18	26 - 32	2,6 - 3,2	18 - 22	4
11 - 14	19 - 25	1,9 - 2,5	13 - 17	3
4 - 10	7 - 18	0,7 - 1,8	5 - 12	2

Ýttu á og haltu kerfishnappinum þar til heimilistækið er í kerfisvalsstillingu.

### Vatnsnýkingarbúnaðurinn

Vatnsnýkingarbúnaðurinn fjarlægir steinefni úr vatninu sem myndu hafa skaðleg áhrif á þvottaárangur og á heimilistækið.

Því meira sem vatnið inniheldur af þessum steinefnum, því harðara er vatnið. Harka vatns er mælt eftir jafngildum kvörðum.

Vatnsnýkingarbúnaðinn ætti að aðlaga eftir því hversu hart vatnið er á þínu svæði. Vatnsveitan á staðnum getur veitt þér upplýsingar um hversu hart vatnið er á þínu svæði. Það er mikilvægt að stilla rétt stig vatnsnýkingar til að tryggja góðar niðurstöður í þvottinum.

Býskar gráður (°dH)	Franskar gráður (°fH)	mmól/l	Clarke-gráður	Stig vatnsmýkingar
<4	<7	<0,7	< 5	1 2)

1) Verksmiðjustilling.







2) Ekki nota salt á þessu stigi.

**Hvort þú notar venjulegt þvottaefni eða samsettar þvottatöflur (með eða án salts) skaltu setja rétt hörkustig vatns til að halda vísi fyrir saltáfyllingu virkum.**

- i** Samsettar þvottatöflur innihalda salt og eru ekki nægilega skilvirkar til að mýkja hart vatn.

**Hvernig stilla á vatnsmýkingarstigið**

Heimilistækið verður að vera á kerfisvalsstillingu.

1. Til að fara í notandaham skal ýta á og halda kerfishnappinum þar til vísirinn  leiftrar og vísarnir  og **ECO** loga.
2. Bíddu þar til slökkt er á vísunum  og **ECO** og vísirinn  leiftrar. Vísirinn  leiftrar enn. Leiftur vísisins  með hléum sýnir núverandi stillingu.
  - t.d. 5 leiftur + hlé + 5 leiftur = 5. stig.
3. Ýttu ítrekað á kerfishnappinn til að breyta stillingunni. Í hvert sinn sem þrýst er á kerfishnappinn hækkar stignúmerið. Þegar 10. stigi er náð byrjar talningin aftur frá 1. stigi.
4. Ýttu á hnappinn kveikja/slökkva til að staðfesta stillinguna.

**Hljóðmerki**










Hljóðmerki heyrast þegar bilun kemur fram í heimilistækinu. Það er ekki hægt að slökkva á þessum hljóðmerkjum.

Einnig er til staðar hljóðmerki sem fer af stað þegar þvottakerfi er lokið. Sjálfgefið er kveikt á hljóðmerkinu og mögulegt er að gera það óvirkt.

Til viðbótar hljómar hljóðmerki áður en AutoOpen opnar hurðina. Þetta hljóðmerki stöðvast aðeins ef AutoOpen er gert óvirkt.


**Hvernig slökkt er á hljóðmerki fyrir lok þvottakerfis**

Heimilistækið verður að vera í kerfisvalsstillingu.

1. Til að fara í notandaham skal ýta á og halda kerfishnappinum þar til vísirinn  leiftrar og vísarnir  og **ECO** loga.
2. Ýttu strax á kerfishnappinn.
  - Vísarnir  og **ECO** loga.
  - Vísirinn  leiftrar.
3. Bíddu þar til slökkt er á vísunum  og **ECO**. Vísirinn  leiftrar enn.
  - Vísirinn  sýnir núverandi stillingu: Kveikt á  = Kveikt á hljóðmerki.
4. Ýttu á kerfishnappinn til að breyta stillingunni.
  - Slökkt á  = Slökkt á hljóðmerki.
5. Ýttu á kveikja/slökkva til að staðfesta stillinguna.


**AutoOpen**

AutoOpen bætur þurrkunarárangur með minni orkunotkun.



**i** Meðan á þurrkunarstigi stendur opnast hurðin sjálfvirk og helst hálfopin.

**VARÚÐ!** Reyndu ekki að loka hurð heimilistækisins næstu 2 mínútur eftir sjálfvirka opnun. Það getur valdið skemmdum á tækinu.

AutoOpen er virkjað sjálfvirk með öllum þvottakerfum að undanskildu .










**i** Til að forðast mögulega hættu inni í heimilistækinu (eins og hnífa, beitta hluti, eða iðefni) fyrir börn, gæludýr, eða fólk með fötlun, skal gera aðgerðina óvirka.

## Fyrir fyrstu notkun

1. **Gakktu úr skugga um að núverandi staða mýkingarefnisins sé í samræmi við herslustig vatnsins. Ef ekki skal stilla vatnsmýkingarbúnaðinn.**
2. Fylltu á salthólfid.
3. Fylltu á gljáaskammtarann.
4. Skrúfaðu frá vatnskrananum.
5. Ræsa skal kerfi til að fjarlægja allar leifar sem enn geta verið inni í tækinu. Ekki nota þvottaefni og ekki hlaða neinu í grindurnar.

## Hvernig afvirkja skal AutoOpen

Heimilistækið verður að vera í kerfisvalsstillingu.

1. Til að fara í notandaham skal ýta á og halda kerfishnappinum þar til vísirinn  leiftrar og vísarnir  og **ECO** loga.
2. Ýttu tvisvar á kerfishnappinn.
  - Vísarnir  og  loga.
  - Vísirinn **ECO** leiftrar.
3. Bíddu þar til slökkt er á vísunum  og . Vísirinn **ECO** leiftrar enn.
  - Vísirinn  sýnir núverandi stillingu: Slökkt á  = Slökkt er á AutoOpen.
4. Ýttu á kerfishnappinn til að breyta stillingunni.
  - Kveikt á  = Kveikt er á AutoOpen.
5. Ýttu á kveikja/slökkva til að staðfesta stillinguna.



**i** Eftir að þú ræsir kerfi getur það tekið heimilistækið allt að 5 mínútur að endurhlaða kvoðuna í vatnsmýkingarefninu. Það virðist sem tækið virki ekki. Þvottaferillinn byrjar einungis eftir að þessu ferli er lokið. Verklagið er reglubundið endurtekið.

**Salthólfíð**

**VARÚÐ!** Notaðu aðeins salt sem ætlað er fyrir uppþvottavélar.


Saltið er notað til endurhlaða kvoðuna í mýkingarefninu og til að tryggja góðan þvottaárangur við daglega notkun.

**Salt sett í salthólfíð**



Settu 1 lítra af vatni í salthólfíð (einingis í fyrsta skiptið).




Settu 1 kg af salti í salthólfíð.



Snúðu lokinu á salthólfinu réttisælis til að loka því.

**VARÚÐ!** Vatn og salt kunna að renna út úr salthólfinu þegar þú fyllir á það. Eftir að þú fyllir á salthólfíð skaltu samstundis byrja þvottkerfi til að koma í veg fyrir tæringu.

**Gljái settur í gljáahólfíð**




Fylltu á gljáahólfíð þegar linsan (A) er gegnsæ.

Til að stilla losað magn gljáa, skal snúa valskífunni á milli stöðu 1 (minnsta magn) og stöðu 4 (mesta magn).

**Dagleg notkun**

1. Skrúfið frá vatnskrananum.
  2. Ýttu á hnappinn kveikja/slökkva til að virkja heimilistækið.
- Gættu þess að heimilistækið sé á kerfisvalstillingu.
- Ef gaumljósið fyrir salt er kveikt á að setja salt í salthólfíð.
  - Gættu þess að það sé gljái í gljáahólfinu.
3. Raðið í körfurnar.
  4. Setjið þvottaefnið í.
  5. Stilltu á rétt þvottakerfi eftir því hvað er í vélinni og hversu óhreint það er.

**Notkun þvottaefnis**



Settu þvottefni eða samsetta þvottatöflu í hólf (A).

Ef þvottakerfið er með forþvotti, skal setja lítið magn af þvottaefni í hólf (B).

**5**



- Pegar notaðar eru þvottaefnistöflur sem innihalda salt og gljáa er ekki nauðsynlegt að fylla á salthólfíð og gljáahólfíð.
- Stilltu magn mýkingarefnis á lægsta stig.
  - Stilltu gljáahólfíð á lægsta stig magns.

**Velja og hefja þvottakerfi**

**Þvottakerfi hafið**

1. Haltu hurðinni á tækinu hálfopinni.
2. Ýttu á hnappinn kveikja/slökkva til að virkja heimilistækið. Gakktu úr skugga um að heimilistækið sé á kerfisvalsstillingu.
3. Ýttu endurtekið á kerfishnappinn þar til vísirinn fyrir kerfið sem þú ætlar að velja byrjar að leifra.
4. Lokaðu hurð heimilistækisins til að ræsa kerfið.

**Hurðin opnuð á meðan heimilistækið er í gangi**

Ef hurðin er opnuð á meðan kerfi er í gangi stöðvast heimilistækið. Það kann að hafa áhrif á orkunotkun og tímalengd kerfisins. Þegar hurðinni hefur verið lokað heldur heimilistækið áfram frá þeim punkti þar sem trufunin varð.

**i** Ef hurðin er opin lengur en í 30 sekúndur á meðan þurrkunarstigið er gangi mun kerfið sem er í gangi enda. Það gerist ekki ef hurðin er opnuð með AutoOpen-aðgerðinni.

**i** Reyndu ekki að loka hurð heimilistækisins næstu 2 mínútur eftir að AutoOpen opnar hana sjálfvirk, þar sem það kann að valda skemmdum á heimilistækinu. Ef hurðin er seinna lokuð í aðrar 3 mínútur, endar kerfið sem er í gangi.

### Þvottakerfi afturkallað

Þrýstið kerfistakkanum og haldið honum niðri þar til tækið er í kerfisval-stillingu.

## Góð ráð

### Almennt

Eftirfarandi ráðleggingar tryggja bestu þrif og hreinsun í daglegri notkun og hjálpa við að vernda umhverfið.

- Fjarlægja skal matarleifar af diskunum og kasta í ruslið.
- Ekki skal for-hreinsa diskana handvirk. Ef með þarf skal nota for-þvotta kerfi (ef til staðar) eða velja kerfi með forþvottafasa.
- Ávallt skal nota allt rýmið í körfunum.
- Þegar verið er að fylla í tækið skal tryggja að vatnið í sprautuörmunum nái alveg að diskunum og geti þvegið þá almennilega. Tryggið að hlutirnir snertist ekki eða liggja yfir hvor öðrum.
- Hægt er að nota þvottaefni fyrir uppþvottavélar, gljóa og salt út af fyrir sig eða hægt er að nota samsettar þvottaefnistöflur (t.d. "3 í 1", "4 í 1", "Allt í 1"). Fylgið leiðbeiningunum sem standa á pakkingunni.

Gætið þess að það sé þvottaefni í þvottaefnishólfinu áður en nýtt þvottakerfi er sett í gang.

### Lok þvottakerfis

Þegar þvottakerfinu er lokið er logar vísirinn →|

1. Ýttu á hnappinn kveikja/slökkva eða bíddu eftir að heimilistækið skipti yfir í biðstöðu. Ef þú opnar hurðina áður en biðstaða er virkjuð er sjálfkrafa slökkt á heimilistækinu.
2. Skrúfaðu fyrir vatnskrannann.

- Stillið á þvottakerfi eftir því hvað er í vélinni og hversu óhreint það er. Með ECO kerfinu nýtist vatnið og orkan best fyrir borðbúnað og hnifapör með venjulegum óhreinindum.

### Notkun salts, gljóa og þvottaefnis

- Aðeins skal nota salt, gljóa og þvottaefni ætlað fyrir uppþvottavélar. Aðrar vörur geta valdið skemmdum á heimilistækinu.
- Gljóiinn aðstoðar á meðan á síðasta skolonarferli stendur, við að þurrka diskana án bletta eða ráka.
- Samsettar þvottaefnistöflur eru yfirleitt viðeigandi á svæðum þar sem harka vatns er allt að 21 °dH. Á svæðum þar sem farið er umfram þessi mörk verður að nota gljóa og salt auk þvottaefnistafnanna. Hinsvegar, á svæðum þar sem harka vatnsins er mjög mikil er mælt með að nota þvottaefni (duft, gel, töflur án aukalegrar virkni),

- gljáa og salt sérstaklega til að ná sem bestum árangri með hreinsun og þurrkun.
- Þvottaefnistöflur leysast ekki að fullu upp ef þvottakerfið er mjög stutt. Til að koma í veg fyrir leifar þvottaefnis á borðbúnaði mælum við með því að þú notir töflurnar með lengri þvottakerfum.
  - Ekki skal nota meira en rétt magn af þvottaefni. Sjá leiðbeiningarnar á umbúðum þvottaefnisins.

**Hvað á að gera ef þú villt hætta að nota samsettar þvottaefnistöflur**

Áður en þú notar þvottaefnin, salt eða gljáa út af fyrir sig skaltu fylgja eftirfarandi leiðbeiningum.

1. Stillið vatnsmykingartækið á hæsta herslustig.
2. Gættu þess að salthólfið og hreinsiefnahólfið séu bæði full.
3. Ræsa skal stysta kerfið með skolunarfasa. Ekki bæta við þvottaefni og ekki hlaða neinu í körfurnar.
4. Þegar kerfinu er lokið, stilltu þá vatnsmykingararbúnaðinn á herslustig í samræmi við vatnið þar sem þú býrð.
5. Stilltu losað magn gljáa.

**Að raða í körfurnar.**

- ⓘ Sjá meðfylgjandi bækling sem sýnir dæmi um hvernig skal raða í körfur.
- Notaðu uppþvottavélina einungis til að þvo hluti sem þvo má í slíkri vél.
- Ekki skal setja í vélinu hluti sem eru gerðir úr tré, honri, áli, pjátri og kopar.
- Ekki setja hluti í tækið sem geta tekið í sig vatn (svampa, viskustykki).

- Fjarlægja skal matarleifar af hlutum.
- Rennbleytið þá hluti sem eru með brenndum matarleifum í vatni.
- Raðið hlutum sem eru holir að innan (þ.e.. bollum, glösum og pottum) í vélinu þannig að opið vísi niður.
- Passaðu að hnífapör og leirtau festist ekki saman. Setið skeiðar með öðrum hnífapörum.
- Passið að glös snerti ekki önnur glös.
- Leggið smáa hluti í hnífaparakörfuna.
- Setjið léttu hluti í efri körfuna. Passið að hlutirnir hreyfist ekki til.
- Gætið þess að vatnsarmarnir geti hreyfst óhindrað áður en kerfi er sett í gang.

**Áður en kerfi er sett af stað**

Gangið úr skugga um að:

- Síurnar eru hreinar og rétt uppsettar.
- Lokið á salthólfinu þarf að vera þétt.
- Vatnsarmarnir eru ekki stíflaðir.
- Það sé salt og gljái til staðar (nema þú notir samsettar þvottaefnistöflur).
- Staða hluta í körfunum sé rétt.
- Kerfið eigi við um þá tegund hleðslu og þau óhreinindi sem í hlut eiga.
- Verið sé að nota rétt magn þvottaefnis.

**Að taka úr grindunum.**


1. Látið borðbúnaðinn kólna áður en hann er tekinn úr heimilistækinu. Heitir hlutir skemmast auðveldlega.
  2. Fyrst skaltu fjarlægja hluti úr neðri grindinni, síðan úr efri grindinni.
- ⓘ Í lok kerfisins getur ennþá verið vatn eftir á hliðum og á hurð heimilistækisins.

**Umhirða og hreinsun**


**⚠ AÐVÖRUN!** Áður en viðhald fer fram á tækinu skal slökkva á því og aftengja aðalklóna frá rafmagnsinnstungunni.

**(i)** Óhreinar síur og stíflaðir úðaarmar minnka þvottaárangur. Athugaðu reglulega og hreinsaðu ef þörf krefur.

**Hreinsun á síum**




Gæta verður þess að engar matarleifar eða óhreinindi séu skilin eftir.



Til að fjarlægja síur (B) og (C) skal snúa handfanginu rangsælis og fjarlægja. Takið síuna í sundur (B) og (C). Þvoðu síurnar með vatni.

Fjarlægðu síu (A). Þvoðu síuna með vatni.



Setjið flötu síuna (A) aftur á sinn stað. Gangið í skugga um að hún rétt staðsett undir merkingunum 2 (D).


Samsetning sía (B) og (C). Settu þær í rétta stöðu í síu (A). Snúðu handfanginu réttisælis þangað til það læsist.

**(i)** Röng staðsetning sía getur leitt til lélegrar frammistöðu við þvotta og valdið tjóni á heimilistækinu.




**Hreinsun á síu inntaksslöngu**

1




Skrúfaðu fyrir vatnskranann.

2




Aftengdu slönguna. Snúðu festinum **A** réttsælis.

3



Hreinsaðu síu inntaksslöngunnar.

4



**Hreinsun úðaarma**

Ekki fjarlægja úðaarma. Ef götin á úðaörmunum eru stifluð skal fjarlægja það

sem eftir er af óhreinindunum með þunnum oddhvössum hlut.

**Þrif að utan**

- Þvoðu tækið með rökum og mjúkum klút.
- Notið aðeins mild þvottaefni.
- Ekki nota rispandi efni, stálull eða leysiefni.

**Hreinsun á innra byrði**

- Hreinsaðu heimilistækið varlega, þar á meðal gúmmikantinn á hurðinni, með mjúkum, rökum klút.
- Ef þú notar stutt þvottakerfi reglulega, geta þau skilið eftir lag af fitu og kalki inni í tækinu. Til að koma í veg fyrir þetta mælum við með því að löng þvottakerfi séu keyrð a.m.k. 2 sinnum í mánuði.
- Til að viðhalda afköstum heimilistækisins þíns eins góðum og hægt er mælum við með að notuð sé sérstök hreinsunarvara fyrir uppþvottavélar. Fylgdu leiðbeiningunum á umbúðum vörunnar vandlega.

**Bilana leit**

Ef heimilistækið fer ekki í gang eða stöðvast meðan á notkun standur, skal athuga hvort hægt sé að laga bilunina með aðstoð leiðbeininganna í töflunni áður en haft er samband við viðurkenndan þjónustuaðila.



**ADVÖRUN!** Viðgerðir sem ekki er almennilega gerðar kunna að leiða til alvarlegrar áhættu gagnvart öryggi notandans. Allar viðgerðir verður hæft starfsfólk að framkvæma.

Við sum vandamál leiftrar ljósið á endanum með hléum til að gefa til kynna bilun.

**Meirihluta vandamála sem geta komið upp er hægt að leysa án þess að þurfa að hafa samband við viðurkennda þjónustumiðstöð.**

Vandamál og aðvörunarkóði	Möguleg orsök og lausn
<p>Pú getur ekki kveikt á heimilistækinu.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gakktu úr skugga um að klóin sé tengd við rafmagnsinnstunguna.</li> <li>• Gakktu úr skugga um að engin ónýtt öryggi séu í öryggjahólfinu.</li> </ul>
<p>Kerfið fer ekki í gang.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gakktu úr skugga um að hurð heimilistækisins sé lokuð.</li> <li>• Tækið er byrjað að endurhlaða kvoðuna inni í vatnsmýkingarþúnaðinum. Þetta ferli stendur yfir í um það bil 5 mínútur.</li> </ul>
<p>Heimilistækið fyllist ekki af vatni.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Endaljósið leiftrar einu sinni með hléum.</li> <li>• Hljóðmerki heyrir einu sinni með hléum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gakktu úr skugga um að skrúfað sé frá vatnskrananum.</li> <li>• Gakktu úr skugga um að vatnsþrýstingurinn á kerfinu sé ekki of lágur. Til að fá þær upplýsingar skal hafa samband við vatnsveituna.</li> <li>• Gakktu úr skugga um að vatnskraninn sé ekki stíflaður.</li> <li>• Gakktu úr skugga um að sían í inntaksslöngunni sé ekki stífluð.</li> <li>• Gakktu úr skugga um að engar beygjur eða sveigjur séu á inntaksslöngunni.</li> </ul>
<p>Heimilistækið tæmist ekki af vatni.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Endavísirinn blikkar tvisvar sinnum með hléum.</li> <li>• Hljóðmerki heyrir tvisvar með hléum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gakktu úr skugga um að vatnslásinn sé ekki stíflaður.</li> <li>• Gakktu úr skugga um að engar beygjur eða sveigjur séu á tæmingarslöngunni.</li> </ul>
<p>Flæðivörnin er í gangi.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Endavísirinn leiftrar þrisvar sinnum með hléum.</li> <li>• Hljóðmerki heyrir þrisvar sinnum með hléum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrúfaðu fyrir vatnskranann og hafðu samband við viðurkennda þjónustumiðstöð.</li> </ul>
<p>Saltvísirinn heldur áfram að loga eftir að fyllt hefur verið á salthólfið.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ef saltvísirinn logar ennþá, eftir keyrslu 3 eða 4 kerfa, skaltu hafa samband við viðurkenndan þjónustunaðila. Þetta getur gerst ef þú notar salt sem þarf lengri tíma til að leysast upp. Það verða engin óæskileg áhrif á frammistöðu heimilistækisins.</li> </ul>
<p>Heimilistækið stöðvast og byrjar oftarméðan á vinnslu stendur.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Það er eðlilegt. Það býður upp á hagkvæmasta hreinsunarárangur og orkusparnað.</li> </ul>

Vandamál og aðvörunarkóði	Möguleg orsök og lausn
Svolftíll leki frá hurð heimilistækisins.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimilistækið er ekki lárétt. Losaðu eða hertu stillanlegu fæturna (ef við á).</li> <li>• Hurð heimilistækisins er ekki á miðjum belgnum. Stilltu afturfótinn (ef við á).</li> </ul>
Erfitt er að loka hurð heimilistækisins.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimilistækið er ekki lárétt. Losaðu eða hertu stillanlegu fæturna (ef við á).</li> <li>• Hlutar af borðbúnaðinum standa út úr grindunum.</li> </ul>
Skröltandi/bankandi hljóð innan úr heimilistækinu.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Borðbúnaðinum er ekki rétt komið fyrir í grindunum. Sjá bæklinginn um hleðslu grindar.</li> <li>• Gakktu úr skugga um að úðaarmarnir geti hreyfst óhindrað.</li> </ul>
Heimilistækið slær út útsláttarrofnum.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Straumstyrkur er ekki nægur til að veita samtímis til allra heimilistækja í notkun. Athugaðu straumstyrk innstungu og getu mælisins eða slökktu á einu heimilistæki sem er í notkun.</li> <li>• Innri rafmagnsvilla í heimilistækinu. Hafðu samband við viðurkennda þjónustumiðstöð.</li> </ul>

- i** Sjá „Fyrir fyrstu notkun“, „Dagleg notkun“, eða „Ábendingar og ráð“ vegna annarra mögulegra orsaka.

Pegar þú hefur athugað tækið skaltu slökva og kveikja á því aftur. Ef

vandamálið kemur aftur upp skaltu hafa samband við viðurkennda þjónustumiðstöð.

Vegna aðvörunarkóða sem ekki er lýst í töflunni skal hafa samband við viðurkennda þjónustumiðstöð.

**Vélin þvær og þurrkar ekki nógu vel**

Vandamál	Möguleg orsök og lausn
Lélegur árangur af þvottum.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sjá „Dagleg notkun“, „Ábendingar og ráð“ og bækling um hleðslu í grindur.</li> <li>• Notaðu öflugri þvottakerfi.</li> <li>• Hreinsaðu túður úðaarma og síu. Sjá „Umhirða og hreinsun“.</li> </ul>

Vandamál	Möguleg orsök og lausn
Lélegur árangur af þurrkun.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Borðbúnaður hefur verið skilinn eftir of lengi inni í lokuðu heimilistæki.</li> <li>• Það er enginn gljái eða skammturinn af gljáa er ekki nægur. Settu gljáaskammtarann á hærra stig.</li> <li>• Þörf kann að vera á að þurrka plasthluti með þurrku.</li> <li>• Til að fá bestu þurrkunarframmistöðu skaltu virkja AutoOpen.</li> <li>• Við mælum með að þú notir alltaf gljáa, jafnvel meðfram samsettum þvottatöflum.</li> </ul>
Hvítar rákir og bláleit lög eru á glösum og diskum.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Losað magn af gljáa er of mikið. Stilltu gljáaskammtarann á lægra stig.</li> <li>• Magn þvottaefnis er of mikið.</li> </ul>
Blettir og þurrir vatnsdropar eru á glösum og diskum.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Losað magn af gljáa er ekki nægilega mikið. Stilltu gljáaskammtarann á hærra stig.</li> <li>• Gæðum gljáans getur verið um að kenna.</li> </ul>
Diskarnir eru blautir.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Til að fá bestu þurrkunarframmistöðu skaltu virkja AutoOpen.</li> <li>• Kerfið er ekki með þurrkunarferli eða er með þurrkunarferli með lágu hitastigi.</li> <li>• Gljáaskammtarinn er tómur.</li> <li>• Gæðum gljáans getur verið um að kenna.</li> <li>• Gæðum á þvottaefnistöflum getur verið um að kenna. Prófaðu annað vörumerki eða virkjaðu gljáaskammtarann og notaðu gljáa ásamt samsettu þvottaefnistöflum.</li> </ul>
Heimilistækið er blautt að innan.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þetta er ekki galli í heimilistækinu. Þetta er vegna rakans í loftinu sem þéttist á veggjunum.</li> </ul>
Óvenjuleg froða meðan á þvotti stendur.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Notaðu aðeins þvottaefni fyrir uppþvottavélar.</li> <li>• Það er leki í gljáaskammtaranum. Hafðu samband við viðurkennda þjónustumiðstöð.</li> </ul>
Vottur af ryði á hnifapörum.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Það er of mikið salt í vatninu sem notað er til þvotta. Sjá „<b>Vatnsmýkingarbúnaður</b>“.</li> <li>• Hnifapör úr silfri og ryðfríu stáli voru sett saman. Forðastu að setja hluti úr silfri og ryðfríu stáli þétt saman.</li> </ul>

Vandamál	Möguleg orsök og lausn
Það eru leifar af þvottaefni í skammtaranum við lok kerfisins.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þvottefnistaflan festist í skammtaranum og þvoðist því ekki að fullu burt með vatninu.</li> <li>• Vatn getur ekki þvegið burt þvottaefnið úr skammtaranum. Gakktu úr skugga um að úðaarmurinn sé hvorki hindraður né stíflaður.</li> <li>• Gakktu úr skugga um að hlutirnir í grindinni hindri ekki lok þvottaefnisskammtarans í að opnast.</li> </ul>
Ólykt inni í heimilistækinu.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sjá „<b>Hreinsun á innra byrði</b>“.</li> </ul>
Kalkútfellingar á borðbúnaðinum, í belgnum og innan á hurðinni.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Magn salts er lágt, athugaðu áfyllingarvísinn.</li> <li>• Lokið á saltlátinu er laust.</li> <li>• Kranavatnið er hart. Sjá „<b>Vatnsmýkingarbúnaður</b>“.</li> <li>• Jafnvel þótt þú notir fjölvirkar töflur skaltu nota salt og stilla endurmyndun vatnsmýkingarbúnaðarins. Sjá „<b>Vatnsmýkingarbúnaður</b>“.</li> <li>• Ef útfellingar kalkskánar eru enn til staðar skaltu hreinsa heimilistækið með heimilistækjahreinsiefnum sem eru sérstaklega viðeigandi í þessum tilgangi.</li> <li>• Prófaðu annað þvottaefni.</li> <li>• Hafðu samband við framleiðanda þvottaefnisins.</li> </ul>
Mattur, aflitaður eða rispaður borðbúnaður.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gakktu úr skugga um að aðeins séu hlutir í heimilistækinu sem má þvo í uppþvottavél.</li> <li>• Settu varlega í og taktu úr grindinni. Sjá bæklinginn um hleðslu grindar.</li> <li>• Settu viðkvæma hluti í efri grindina.</li> </ul>

**i** Sjá „Fyrir fyrstu notkun“, „Dagleg notkun“, eða „Ábendingar og ráð“ vegna annarra mögulegra orsaka.

## Tæknilegar upplýsingar


Nafn vöru	Að fullu samþætt uppþvottavél	
Mál	Breidd / hæð / dýpt (mm)	596 / 818 - 898 / 550
Tenging við rafmagn <sup>1)</sup>	Rafspenna (V)	220 - 240
	Tíðni (Hz)	50
Vatnsþrýstingur	Lágmm. / hámm. bör (MPa)	0.5 (0.05) / 8 (0.8)


Vatnsaðföng	Kalt eða heitt vatn <sup>2)</sup>	hám. 60°C
Rúmtak	Matarstell	13
Aflnotkun	Í biðstöðu (W)	5.0
Aflnotkun	Slökkt (W)	0.50

1) Sjá merkiplötu vegna annarra gilda.

2) Ef heita vatnið kemur frá öðrum orkugjöfum, (t.d. sólarrafhlöðu, vindorku) skal nota hitaveitu til að minnka orkunotkunina.

## UMHVERFISMÁL

Endurvinnna þarf öll efni merkt táknuinu . Setjið umbúðirnar í viðeigandi sorplát til endurvinnslu. Leggið ykkar að mörkum til verndar umhverfinu og heilsu manna og dýra og endurvinnið rusl sem fylgir raftækjum og raftænum búnaði. Hendið

ekki heimilistækjum sem merkt eru með táknuinu  í venjulegt heimilrusl. Farið með vöruna í næstu endurvinnslustöð eða hafið samband við sveitarfélagið.

## IKEA-ÁBYRGÐ

### Hvað gildir IKEA-ábyrgðin lengi?

Þessi ábyrgð gildir í fimm (5) ár frá upphaflegum kaupdegi heimilistækis þíns hjá IKEA, nema heimilistækið nefnist LAGAN, en þá gildir ábyrgðin í tvö (2) ár. Framvísa þarf upprunalegu sölukvittuninni til sönnunar á kaupunum. Ef gert er við heimilistækið á meðan það er í ábyrgð, framlengir það ekki ábyrgðartíma tækisins.

### Hvaða heimilistæki eru ekki í fimm (5) ára ábyrgð hjá IKEA?

Heimilistækjalínan sem nefnist LAGAN og öll heimilistæki keypt hjá IKEA fyrir 1. ágúst 2007.

### Hver sér um þjónustuna?

Þjónustuaðili IKEA veitir þjónustuna í gegnum eigin viðgerðarþjónustu eða samþykktu samstarfsviðgerðarþjónustu.

### Hvað nær þessi ábyrgð yfir?

Ábyrgðin nær yfir bilanir á heimilistækinu, sem orsakast af göllum í smíði þess eða efniviði frá þeim degi sem það var keypt hjá IKEA. Þess ábyrgð gildir eingöngu fyrir heimilisnotkun. Undantekningarnar eru taldar upp undir fyrirsögninni "Hvað nær þessi ábyrgð ekki yfir?" Innan ábyrgðartímans nær ábyrgðin yfir kostnað af viðgerð vegna bilunar, þ.e. viðgerðir, varahluti, vinnu og ferðir, að því tilskildu að heimilistækið sé aðgengilegt til að gera við án sérstakra útgjalda. Um þessa skilmála gilda viðmiðunarreglur ESB (Nr. 99/44/EG) og reglugerðir hlutaðeigandi lands. Íhlutir sem teknir eru úr þegar skipt er um íhluti verða eign IKEA.

### Hvað gerir IKEA til að leysa vandamálið?

Þjónustuaðili, skipaður af IKEA, mun skoða vöruna og taka einn ákvörðun um það hvort þessi ábyrgð nái yfir hana. Ef ábyrgðin telst ná yfir heimilistækið mun þjónustuaðili IKEA eða samþykkt samstarfsfyrirtæki annað hvort gera við gölluðu vöruna eða skipta henni fyrir sömu eða sambærilega vöru, og er ákvörðun um það alfarið í þeirra höndum.

### Hvað nær þessi ábyrgð ekki yfir?

- Venjulegt slit.
- Skemmdir af ásettu ráði eða vegna vanrækslu, skemmdir vegna þess að notkunarleiðbeiningum hefur ekki verið fylgt, skemmdir vegna rangrar uppsetningar eða vegna þess að tengt er við ranga rafspennu, skemmdir sem stafa af efnafræðilegum eða rafefnafræðilegum viðbrögðum, ryði, tæringu eða vatni, þar með talið en ekki eingöngu skemmdir sem stafa af miklu kalki í vatni og skemmdir sem stafa af óeðlilegum umhverfisaðstæðum.
- Hluti sem eyðast eins og rafhlöður og perur.
- Hluti sem hafa enga virkni eða eru eingöngu til skrauts og hafa ekki áhrif á venjulega notkun tækisins, þar með taldar rispur og hugsanlegan litamun.
- Skemmdir sem verða fyrir slysi vegna aðskotahluta eða -efna, hreinsunar eða losunar stíflna í síum, frárennsliskerfum eða sápuhólfum.
- Skemmdir á eftirfarandi hlutum: keramikgleri, aukahlutum, leirtaus- og hnifaparakörfum, aðrennslis- og frárennslisrörum, þéttum, perum og peruhlífum, skjáum, hnöppum, hlífum og hlífapörtum. Nema sannanlegt sé skemmdirnar séu tilkomnar vegna framleiðslugalla.
- Tilfelli þegar tækimaður skoðar heimilistækið og finnur engan galla.
- Viðgerðir ekki framkvæmdar af þjónustuaðilum skipuðum af okkur og/eða samþykktum þjónustuaðila sem við eigum samning við eða notaðir hafa

verið varahlutir sem ekki eru upprunalegir.

- Viðgerðin er tilkomin vegna uppsetningar sem var röng eða ekki í samræmi við tæknilytingu.
- Notkun heimilistækisins annars staðar en inni á heimilinu, þ.e. í atvinnuskyni.
- Skemmdir við flutninga. Ef viðskiptavinur flytur vöruna heim til sín eða á annað heimilisfang, er IKEA ekki ábyrgt fyrir hugsanlegum skemmdum sem verða við flutningana.
- Hins vegar ef IKEA afhendir vöruna á afhendingarheimilisfang viðskiptavinarins, þá nær þessi ábyrgð yfir skemmdir sem verða við flutningana.
- Kostnað við að setja upp IKEA-heimilistækið í fyrsta sinn. Hins vegar ef þjónustuaðili IKEA eða samþykkt samstarfsviðgerðarþjónusta gerir við eða skiptir heimilistækinu samkvæmt skilmálum þessarar ábyrgðar, mun þjónustuaðilinn eða samþykkt samstarfsviðgerðarþjónustan setja heimilistækið aftur upp eftir viðgerðina eða setja upp nýja heimilistækið, ef með þarf.

Þessi takmörkun á ekki við um verk sem unnið er án mistaka af sérhæfðum aðila með tilskilin réttindi sem notar upprunalega varahluti okkar, í þeim tilgangi að aðlaga heimilistækið að tæknilegum öryggiskröfum annars ESB-lands.

### Hvernig landslöginn gilda

IKEA-ábyrgðin veitir þér tiltekin lagaleg réttindi, sem samræmast eða ná út fyrir kröfurnar í viðkomandi landi. Þessir skilmálar takmarka þó ekki á neinn hátt réttindi neytenda sem lýst er í lögum viðkomandi lands.

### Gildissvæði

Fyrir heimilistæki sem keypt eru í einu ESB-landi og síðan flutt til annars ESB-lands gildir þessi þjónusta innan ramma þeirra ábyrgðarskilmála sem teljast eðlilegir í nýja

landinu. Skuldbinding til að gera við heimilistækið innan ramma ábyrgðarinnar er eingöngu til staðar ef heimilistækið samræmist og er sett upp í samræmi við:

- tækniröfur landsins þar sem ábyrgðarkrafan er gerð;
- samsetningarleiðbeiningarnar og öryggisupplýsingarnar í notendahandbókinni;

### Sérstök eftirsölupjónusta (After Sales Service) fyrir IKEA-heimilistæki:

Ekki hika við að hafa samband við eftirsölupjónustu IKEA til að:

1. óska eftir viðgerð sem þessi ábyrgð nær yfir;
2. fá leiðbeiningar um hvernig á að setja IKEA-heimilistækið inn í til þess ætlaða IKEA-eldhúsinnréttingu. Þjónustan veitir ekki nánari leiðbeiningar í tengslum við:
  - uppsetningu á IKEA-eldhúsi í heild;
  - tengingu við rafmagn (ef kló og snúra fylgja ekki með tækinu) eða við vatn eða gas, þar sem samþykktur viðgerðaraðili þarf að sjá um slíkar tengingu.
3. óska eftir nánari útskýringu á efni notendahandbókarinnar eða tæknilyngu IKEA-heimilistækisins.

Til þess að við getum aðstoðað þig sem best skaltu lesa samsetningarleiðbeiningar og/eða notendahandbókarhluta þessa bæklingss vandlega áður en þú hefur samband við okkur.

### Leiðir til að ná í okkur ef þú þarfnast aðstoðar



Á öftustu síðu þessarar handbók er skrá yfir alla tengiliði á vegum IKEA og viðeigandi símanúmer í hverju landi.

**i** Til þess að geta veitt þér hraðari þjónustu mælum við með því að þú notir eingöngu símanúmerin sem gefin eru upp aftast í þessari handbók. Notaðu alltaf númerin sem gefin eru upp í bæklingnum fyrir það tiltekna heimilistæki sem þú þarft aðstoð fyrir. Áður en þú hringir í okkur skaltu vera viss um að hafa handtækt IKEA-vörunúmerið (8 stafa talnarunu) fyrir heimilistækið sem þú þarft aðstoð okkar við.

### **i** GEYMDU SÖLUKITTUNINA!

Hún er þín staðfesting á kaupnum og skilyrði þess að ábyrgðin gildi. Athugaðu að á kvittuninni sést jafnframt IKEA-vöruheiti og -númer (8 stafa talnaruna) hvers heimilistækis sem þú keyptir.

### Þarftu frekari hjálp?

Til að fá svör við öðrum spurningum sem ekki tengjast eftirsölupjónustu heimilistækisins þíns skaltu hringja í þjónustusíma næstu IKEA-verslunar. Við mælum með að lesa bæklingana sem fylgdu heimilistækinu áður en þú hefur samband við okkur.



Country	Phone number	Call Fee	Opening time
België	070 246016	Binnenlandse gesprekskosten	8 tot 20 Weekdagen
Belgique		Tarif des appels nationaux	8 à 20. En semaine
България	00359888164080 0035924274080	Такса за повикване от страната	От 9 до 18 ч в работни дни
Česká republika	246 019721	Cena za místní hovor	8 až 20 v pracovních dnech
Danmark	70 15 09 09	Landstakst	man. - fre. 09.00 - 20.00 lør. 09.00 - 16.00 1 søndag pr. måned, normalt første søndag i måneden
Deutschland	+49 1806 33 45 32*	* 0,20 €/Verbindung aus dem Fest- netz max. 0,60 €/Verbindung aus dem Mobilfunknetz	Werktags von 8.00 bis 20.00
Ελλάδα	211 176 8276	Υπεραστική κλήση	8 έως 20 κατά τις εργάσιμες ημέρες
España	91 1875537	Tarifa de llamadas nacionales	De 8 a 20 en días laborables
France	0170 36 02 05	Tarif des appels nationaux	9 à 21. En semaine
Hrvatska	00385 1 6323 339	Trošak poziva 27 lipa po minuti	radnim danom od ponedjeljka do petka od 08:00 do 16:00
Ireland	0 14845915	National call rate	8 till 20 Weekdays
Ísland	5880503	Innanlandsgjald fyrir síma	9 til 18. Virka daga
Italia	02 00620818	Tariffa applicata alle chiamate nazionali	dalle 8 alle 20 nei giorni feriali
Κυπρος	22 030 529	Υπεραστική κλήση	8 έως 20 κατά τις εργάσιμες ημέρες
Lietuva	5 230 06 99	Nacionalinių pokalbių tarifai	Pr. - Ketv.: 8:00 - 12:00, 12:45 - 17:00 Pntk.: 8:00 - 12:00, 12:45 - 15:45
Magyarország	061 998 0549	Belföldi díjszabás	Hétköznap 8 és 10 óra között
Nederland	0900 235 45 32 en/of 0900 BEL IKEA	15 cent/min., starttarief 4,54 cent en gebruikelijke belkosten	ma - vr 08.00 - 20.00, zat 09.00 - 20.00 (zondag gesloten)
Norge	815 22052	Takst innland	8 til 20 ukedager
Österreich	0810 300486	max. 10 Cent/min.	Mo - Fr 8.00 - 20.00 Uhr
Polska	801 400 711	Stawka wg taryfy krajowej	Od 8 do 20 w dni robocze
Portugal	211557985	Chamada Nacional	9 às 21. Dias de Semana *excepto feriados
România	021 211 08 88	Tarif apel național	8 - 20 în zilele lucrătoare
Россия	8 495 6662929	Действующие телефонные тарифы	с 8 до 20 по рабочим дням Время московское
Schweiz	031 5500 324	Tarif für Anrufe im Bundesgebiet	8 bis 20 Werktage
Suisse		Tarif des appels nationaux	8 à 20. En semaine
Svizzera		Tariffa applicata alle chiamate nazionali	dalle 8 alle 20 nei giorni feriali
Slovensko	(02) 3300 2554	Cena vnútroštátneho hovoru	8 až 20 v pracovných dňoch
Suomi	030 6005203	Lankapuhelinverkosta 0,0835 €/puhelu + 0,032 €/min Matkapuhelinverkosta 0,192 €/min	arkipäivisin 8.00 - 20.00
Sverige	0775 700 500	lokalsamtal (lokal taxa)	mån-fre 8.30 - 20.00 lör-sön 9.30 - 18.00
Türkiye	212 244 0769	Ulusal arama ücreti	Hafta içi saat 09:00'dan 18:00'a kadar
Україна	044 586 2078	Міжміські дзвінки платні	9 - 21 В робочі дні
United Kingdom	020 3347 0044	National call rate	9 till 21. Weekdays
Србија	+381 11 7 555 444 (ако позивате изван Србије) 011 7 555 444 (ако позивате из Србије)	Цена позива у националном саобраћају	Понедељак – субота: 09 – 20 Недеља: 09 – 18
Eesti, Latvija, Slovenija		www.ikea.com	





